

	Snorri Ingimarsson verkfræðingur
Menntun	Stúdent frá Menntaskólanum við Sund 1980, rafmagnsverkfræðingur frá HÍ 1984, tölvunarfræðingur frá HÍ 1985.
Vinnustaður	VSI - Öryggishönnun og ráðgjöf
Netfang og/eða farsími	snorri@vsi.is
Gerðist félagi	19. mars 2003
Viðfangsefni /starf	Rek eigin verkfræðistofu, Verkfræðistofu Snorra Ingimarssonar sem nú heitir VSI - Öryggishönnun og ráðgjöf, sjá www.vsi.is . VSI varð 20 ára á þessu ári og er nú með 14 starfsmenn í vinnu, bæði við daglegan rekstur og einnig við verkefni fyrir viðskiptavinum á vegum stofunnar.
Pælingar mínar tengdar vinnuvistfræði	Í byrjun störfuðum við á VSI eingöngu við sérfræðiráðgjöf í öryggismálum (security). Síðan fórum við inn á fleiri svið og undanfarin ár höfum við markvisst byggt okkur upp á sviði vinnuverndar (safety). Við nánari kynni af vinnuvistfræði sé ég sífellt betur hvað þessi málaflokkur kemur víða við og hvað vinnuvistfræðin er í raun mikilvægur þáttur á öllum sviðum þar sem fólk kemur að. Þetta þýðir að vinnuvistfræðin verður líklega seint kennd sem sjálfstæð fræðigreinin í almenna skólakerfinu, frekar er að fólk innan ólíkra starfsgreina sérhæfi sig í vinnuvistfræði til viðbótar við sína sérgrein. Vinnís gegnir því mikilvægu hlutverki í að tengja saman ólíkar starfsstéttir gegnum vinnuvistfræðina, skoðun á félagatalinu sýnir að félagsmenn úr mjög ólíkum starfsgreinum hafa áhuga á þessu sviði. Ég tel að

	<p>félagið eigi að halda áfram á þessari braut og leiða saman ólíkar starfsstéttir á markvissan hátt með þverfaglegum fundum og fyrirlestrum.</p>
<p>Eitt af því skemmtilegasta sem ég hef gert</p>	<p>Ég er giftur Sunnu Guðlaugsdóttur lækni og sérfræðingi í meltingarsjúkdómum. Við eigum fjögur börn á aldrinum 3 til 26 ára. Það skemmtilegasta og merkilegasta sem ég hef gert er að taka virkan þátt í uppeldi þeirra og ótal stundir með fjölskyldunni standa uppúr. Á unglingsárum æfði ég fimleika af kappi með Ármanni. Mitt helsta áhugamál í gegnum tíðina hefur samt verið ferðalög um hálendi og jökla landsins á sérútbúnum jeppum, bæði sumar og vetur. Þar er öll fjölskyldan virkur þátttakandi. Þessu áhugamáli hafa fylgt mikil félagsstörf á vegum Ferðaklúbbsins 4x4, sjá www.f4x4.is. Var meðal annars í tækninefndinni sem á árunum 1982 til 1990 kom því til leiðar að jeppabreytingar og notkun stórra hjóla var gerð lögleg hér á landi eftir mikla baráttu, góðu heilli fyrir þjóð sem býr í harðbýlu landi. Ég náði mér í radíóamatör réttindi árið 2005 (sjá www.ira.is) og er nú í fjarskiptanefnd f4x4 sem starfar m.a. að öryggismálum ferðalanga. Þátttaka í fölmögum fjallaleiðöngrum í hópi góðra félaga er líka minnstæð, hæst bera fyrstu ferðirnar sem farnar voru á jeppum yfir miðhálandið að vetri (1982-1984), fyrstu leiðangrarnir sem farnir voru á jeppum í Grímsvötn á miðjum Vatnajökli (1985 og 1986), fyrsti og eini leiðangurinn sem farinn hefur verið á jeppa á topp Hvannadalshnúks (1991). Tvær jeppaferðir um skíðasvæði í Ölpunum (1995 og 1996) eru líka minnisstæðar, það var ógleymanlegt að vera farþegi í íslenskum torfærukeppnisjeppa beint upp bratta skíðabrekku í frönsku ölpunum, nokkrum sinnum upp á topp og niður aftur. Skemmtilegustu ritstörfín eru skrif á tæknihluta fræðibókarinnar „Jeppar á fjöllum“ sem kom út 1995 auk fjölmargra greina um vetrarferðalög og jeppatæknimál í tímaritin Áfanga, Bílinn og 3T. Störf og uppbygging á verkfræðistofunni við spennandi verkefni með frábæru fólki koma líka upp í hugann í þessu stutta yfirliti yfir það skemmtilegasta sem á daga mína hefur drifið.</p>